Efra-Apavatn í Bláskógabyggð:

Fornleifaúttekt vegna hugmynda um frístundauppbyggingu við Aphól

Gylfi Helgason

Reykjavík 2020
FS802-20261

Fornleifastofnun Íslands ses

Forsíðumyndin sýnir Hólvað (ÁR-414:007) rétt suðaustan við Aphól (ÁR-414:021). Horft er til ASA.

Myndina tók Gylfi Helgason.

© 2020
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
NETFANG: fsi@fornleif.is
HEIMASÍÐA: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna fyrirhugaðrar frístundauppbyggingar á Efra-Apavatni við Aphól. Skráningin var unnin fyrir lóðaeigendur. Úttektarsvæðið er um 27,25 ha og nær til suðurs að Apá og til norðurs að Markagili. Sjálft Apavatn afmarkar svæðið til austurs og Laugarvatnsvegur 37 til vesturs. Úttektarsvæðið er við landamerki jarðanna Efra-og Neðra-Apavatns, í talsverðri fjarlægð frá heimatúni Efra-Apavatns.

Vettvangsvinna fór fram sumarið 2020. Innan svæðis fundust 12 minjaeiningar. Fjölbreyttar fornminjar voru skráðar, svo sem margvíslegar samgönguminjar (vöð, leiðir, brú), áveita og vörslugarður. Allar fornleifar innan úttektarsvæðisins voru metnar í stórhættu vegna framkvæmda nema á 50 m breiðu svæði sem næst er vatninu, enda ekki ráðgert að byggja á því svæði í samræmi við byggingareglugerð. Fornleifar á því svæði töldust því aðeins í hættu. Alls voru níu minjar metnar í stórhættu og þrjár í hættu.

Efnisorð:

Fornleifastofnun, fornleifaskráning, deiliskráning, frístundabyggð, samgönguminjar, Aphóll, Apavatn, Bláskógabyggð

Summary

This report provides the results of a detailed archaeological walk-over survey undertaken at a proposed assessment area at Efra-Apavatn in Bláskógabyggð (south Iceland) in advance of a summer-house development. The assessment area is c 27,25 ha in size. It is fringed by Apá (river) to the south, Markargil (gully) to the north, and Laugavatnsvegur (road) no 37 to the west. Lake Apavatn marks the area's boundaries to the east. The work was carried out for the lot owners.

The fieldwork was undertaken in summer 2020. Overall, 12 archaeological sites were identified, such as routes, fords, and a pasture boundary. In accordance to the national building regulation, no development will be proposed within 50 m from the coastline. The archaeology within that area were thus considered at a moderate risk instead of a high risk as is the common procedure with risk assessments in archaeological surveys at proposed development areas. On the whole, nine sites were assessed to be at a high risk and three at moderate risk.

Keywords:

Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, detailed survey, routes, Aphóll, Apavatn, Bláskógabyggð

Efnisyfirlit

1. Inngangur 6
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 8
3. Aðferðir við fornleifaskráningu 10
4. Fornleifaskrá 12
5. Saga svæðis og landshættir 25
6. Niðurstöður og samantekt 27
Heimildaskrá 30

Viðaukar

Hnitaskrá ISN93

Minjakort

1. Inngangur

Sumarið 2020 hafði Guðmundur Valsson samband við Fornleifastofnun Íslands ses fyrir hönd lóðaeigenda við Aphól í landi Efra-Apavatns og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér fornleifaúttekt á um 27,25 ha deiliskipulagssvæði. Ástæðan er sú að þar eru hugmyndir um uppbyggingu frístundabyggðar. Svæðið afmarkast af Markagili mót norðri og Apá mót suðri. Til vesturs nær svæðið að Laugarvatnsvegi 37 og að Apavatni til austurs. Úttektarsvæðið er innan lögbýlisins Efra-Apavatns en er um 800 m suðaustan við heimatún jarðarinnar (mynd 1).



Mynd 1: Kort sem sýnir afmörkum úttektarsvæðis. ©Loftmyndir ehf.

Engin fornleifaskráning hefur áður farið fram á Efra-Apavatni. Vitað var um þrjú vöð sem tilheyrðu samgöngum milli bæjanna Efra- og Neðra-Apavatns og voru vöðin skráð í landi Neðra-Apavatns við aðalskráningu fornminja í Grímsneshreppi 2002.[1] Þau vöð voru aftur heimsótt í þessari fornleifaúttekt enda eru þau að hluta innan Efra-Apavatns og úttektarsvæðisins og tengjast sögu jarðarinnar.

[1] Birna Lárusdóttir 2002.

Farið var á vettvang sumarið 2020. Gengið var skipulega um svæðið, allir minjastaðir hnitsettir og sýnilegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Um vettvangsvinnu, úrvinnslu, og skýrslugerð sá Gylfi Helgason. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í fimmta kaflanum er fjallað lauslega um sögu Efra-Apavatns og landshætti innan úttektarsvæðisins. Í sjötta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru síðan viðaukar með hnitaskrá og minjakortum.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-414:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með



Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornminjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkihnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-414:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um…" t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hana á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Í samræmi við byggingareglugerð eru framkvæmdir ekki ráðgerðar innan 50 m frá standlínu. Fornminjar sem skráðar voru innan þess svæðis voru aðeins metnar í hættu en aðrar minjar innan deiliskipulagssvæðisins í stórhættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-414 Efra-Apavatn

1686 & **1695**: 35 hdr. Skálholtskirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 113.
1708: „Jarðardýrleiki er óviss [...]. Eigandinn biskupstóllinn Skálholt," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 324.
1847: 48 2/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 70.
1238: „Sturla reið til Apavatns með allan flokkinn snemma dags," segir í Sturlunga sögu I, 412.
„Í túninu er hóll sem Hjáleiga heitir. Ekki eru til sögur um byggð þar en bæjarrústir voru þar áður," segir í Sunnlenskum byggðum III, 47.
Árið 1896 var tvíbýli á Efra-Apavatni. Öðru býlinu tilheyrðu 7 bæjarhús og 8 peningshús. Eftir jarðskjáltana sama ár var 1 bæjarhús mjög skemmt og 3 bæjarhús lítið skemmd. Hinu býlinu tilheyrðu 6 bæjarhús og 8 peningshús. Eftir jarðskjáltana voru 3 bæjarhús og 1 peningshús mjög skemmd. 3 bæjarhús og 4 peningshús voru lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsen, 180.
„Þó að á Efra-Apavatni hafi lengi verið tvö býli urðu formleg landskipti ekki fyrr en árið 1967 og er Efra-Apavatn II helmingur af allri jörðinni. Nokkuð af heiðlendi er enn óskipt og einnig hlunnindi sem eru þau sömu og á Efra-Apavatni I. Efra-Apavatn II fór í eyði árið 1955 og hefur ekki verið búið þar síðan," segir í Sunnlenskum Byggðum III, 48.

Landkostir og tún
Túnakort **1920**: Vesturbær - Tún 4,7 ha. Girt. Matjurtag.: 1086 m2. Austurbær - Tún 5,6 ha. Girt. Nátthagi 0,36 ha. Matjurtagarður 858 m2.
„Torfrista og stúnga nýtandi. Móskurður til eldiviðar brúkast ekki, en meinast vera nokkur. Rifhrís af skorti brúkast til eldiviðar. Silúngsveiðivon góð. Hætt er kvikfje fyrir forröðum," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 325.

ÁR-414:021 *Aphóll* þjóðsaga legstaður A 416841 N 407208
„Markagil kemur upp hér neðan við túnið og rennur út í Vatn framan við Kolluholt. Fyrir framan það liggur mýrarspilda fram að háum og miklum hól, sem heitir Aphóll," segir í örnefnaskrá.
„[S]vo kalladur Apahóll í austr landsudur frá bænum Efra Apavatni stendr hann á af laungu hollti, og er munmæli, ad fremst i Hólnum sé grafinn Hundr nockud ofar Skip enn efst bondin sialfr Api vid hvorn kendar eru tvær Jardinar Efra og Nedra Apavatn [ÁR-415]. Siast þó einginn merki til Hauggerdar yfir hann eda Hundinn, heldr einasta hvar Skipid átti ad vera þar mótar fyrir kringlottri gyrding 10 fadmar ummmals med Skardi edr dyrum til utsudurs. Árid 1817 lét minn Formadr Prestur Sra Eggert Biarnason, lítid eitt grafa til þessarar Gyrdingar vid landsudurs hornid án þess ad verda nockurs vísari," segir í Frásögum um fornaldarleifar.

Austurhluti Aphóls 021, horft til norðurs.

Aphóll er gróinn og áberandi hóll rétt norðan við Apá. Hann er um 920 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 40 m suðvestan við garðlag 045. Aphól er mjög gróinn hóll. Í vestur-og suðurhluta hans er búið að rækta tré og reisa tvo sumarbústaði (b. 1969 og 1995).

Aphóll er um 10 m hár, hið minnsta, og er grasi- og kjarrvaxinn hóll. Hann er firnastór, 160 x 80 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Á honum sjást þrír strýtumyndaðir og grónir toppar. Sá austasti hefur að hluta til runnið út í Apá og sá vestasti er að hverfa undir trjágróður. Ofan frá séð lítur hóllin út eins og skip. Hin meinta girðing, sem nefnd er í Frásögum um fornaldarleifar sést á miðhólnum. Hún er sennilega í raun ekki eiginleg girðing heldur náttúrumyndun. Engin ummerki er að sjá á eða við hólana og ekki sjást þar mannaverk eða haugmyndun af nokkurri gerð. Líklegast verður því að telja að hólarnir séu aðeins náttúrusmíði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Efra-Apavatn, 2; FF I, 217

ÁR-414:032 *Lambagarður* garðlag vörslugarður A 417130 N 406938
„Austan við Aphól [021] er mjór holtstangi, sem heitir Lambhagi. Efst yfir hann eru leifar af fornum [garði?] er nefnist Lambagarður, ca. 150 faðmar milli árinnar og Vatnsins. Þarna hafa fráfærulömb verið höfð til forna, meðan þau voru með jarminum," segir í örnefnaskrá.

Garðurinn sést enn og liggur yfir tangann rétt vestan við Apavatn, um 1,2 km suðaustan við bæ 001 og rúmum 100 m sunnan við sumarbústað (b. 1965). Garðurinn liggur um deiglent nes þar sem starargróður og annar votlendisgróður er ríkjandi. Til norðvesturs hækkar landið og verður þurrara og grasvöxtur meiri.

Yfirlitsmynd af Lambagarði 032. ©Loftmyndir ehf.

Garðurinn er um 170 m á lengd og er torfhlaðinn. Hann er um 0.6 m á hæð og um 2 m á breidd. Hann sést rétt sunnan við gróinn árbakka Apavatns og liggur þaðan til suðausturs á um 45 m löngum kafla. Þaðan beygir garðurinn til SSV og sést þar á um 125 m löngum kafla uns hann hverfur í umhverfið fast norðan við Apárós. Garðurinn er rofinn hér og þar, einkum norðarlega. Rétt vestan við garðinn sést pæla. Um miðbikið klofnar garðurinn og verður garðurinn tvöfaldur, og verða hlutar hans veigaminni, hvor um sig 0,3 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Á loftmynd frá 1975 sést að garðurinn hefur náð alveg að Apáósi.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Efra-Apavatn, 2; LMI-D21-D-6636

ÁR-414:033 hleðsla óþekkt A 416688 N 407424
„Við Markagil er holt, sem Gilstaðaholt nefnist og eru þar fornar rústir," segir í örnefnaskrá.

Gilstaðarholt er á milli Hólmýrar og Markagils, um 620 m ASA við bæ 001 og rúmum 270 m NNV við Aphól 021. Á suðurhluta holtsins eru greinileg ummerki um signa torfhleðslu en einnig eru mjög óljós ummerki um þústir rétt norðan og norðaustan við hleðsluna og er hvort tveggja skráð saman undir þessu númeri enda síðarnefndu ummerkin svo óljós að erfitt er að fullyrða nokkuð um þau. gilstaðarholt er lyngivaxið holt en umhverfis er kjarrivaxið. Malarvegur sem liggur niður að Apavatni er rétt sunnan við holtið. Svæðið var á kafi í gróðri þegar skrásetjari gekk um það sumarið 2020.

Yfirlitsmynd af hleðslu og óljósri þúst 033. ©Loftmyndir ehf.

Hleðslan er mjög gróin og torfhlaðin. Hún er 8,5 m á lengd, um 0,5 m breið og 0.4 m á hæð. Hún snýr h.u.b. austur-vestur. Hleðslan er nokkuð aflöguð og er við það að hverfi í lynggróður. Óvíst er með hlutverk hleðslunnar, en staðsetningin gæti bent til að hún gæti verið hluti af aðhaldi fyrir skepnur, eða stekkur. Óljós þústamyndum er um 10 m norðan við hleðsluna. Þústin er 9 x 5,5 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Óljós þústamyndum er einnig um 20 m norðaustan við hleðsluna. Sú þúst er 7 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Þessi síðarnefnda þúst sést á loftmynd af svæðinu frá 1975. Á þessum tveimur óljósum svæðum gæti mannvist leynst undir sverði. Þessi ummerki eru þó afar óljós og ekki verður fullyrt að þar leynist mannvist undir sverði nema að undangenginni rannsókn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Efra-Apavatn, 2; LMI-D21-D-6636

ÁR-414:041 1 vegur leið A 416691 N 407084
Á herforingaráðskorti frá 1910 er merkt leið frá Efra-Apavatni ÁR-414 og til suðausturs, yfir Apá

þar sem hún er brúuð (02). Við brúna beygir gatan til suðurs og endar við Neðra-Apavatnsbæ ÁR-415. Hluti götunnar var innan deiliskipulagsmarka sem könnuð voru sumarið 2020 vegna deiliskipulagsgerðar við Aphól í Efra-Apavatnslandi. Götunni var fylgt rétt sunnan við heimreið að sumarbústaði (b. 1969) og til suðurs, að Apá. Sömuleiðis var brú (02) sem hlaðin var yfir Apá, skráð af sama tilefni. Í landi Efra-Apavatns liggur leiðin yfir kjarrgróið og deiglent svæði.



Yfirlitsmynd af leið 041. ©Loftmyndir ehf.

Greinileg ummerki um götuna sáust í landi Efra-Apavatns, rétt norðan við Apá. Leiðin var fylgt á um 65 m löngum kafla innan deiliskipulags. Leiðin sést sem upphlaðinn vegur, 0,5-0,6 m á hæð, um 1 m breiður og á kafi í grasi. Víða sést í grjót inn á milli kjarrgróðurins. Vegurinn sést rétt norðan við Apá og liggur þaðan til norðurs á um 20 m löngum kafla en sveigir síðan til norðvesturs og heldur þeirri stefnu á um 50 m löngum kafla uns hann hverfur undir heimreið sem liggur að sumarbústaði (b. 1969) rétt sunnan við Aphól 021. Leiðin sést skýrt af loftmynd af svæðinu frá 1975.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Hkort 47 Skálholt NV; LMI-D21-D-6636

ÁR-414:041 2 brú samgöngubót A 416695 N 407068
Brúin er hrunin og ummerki um hana sjást illa í landi Efra-Apavatns. Á árbakka Efra-Apavatnsmeginn, sést glitta í stæðilegt hleðslugrjót, en allt svæðið er á kafi í grasi og trjágróðri. Líklega hefur brúin verið um 0,5 m á hæð og um 1 m á breidd. Brúin var úr notkun (og hrunin) þegar loftmynd af svæðinu frá 1975 var tekin.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Hkort 47 Skálholt NV; LMI-D21-D-6636

ÁR-414:044 garðlag áveita A 417004 N 407256

Áveita 044, horft til austurs.

Torfhlaðið en veigalítið áveitugarður er rétt vestan við árbakka Apavatns, milli Lambhagafitar og Hornsins, um 1 km suðaustan við bæ 001 og rúmum 90 m ANA við garðlag 045. Garðurinn liggur í gegnum framræst votlendi og er nokkuð um kjarrgróður á þessum slóðum. Svæðið er smáþýft og var á kafi í grasi og elftingu þegar skrásetjari gekk um það sumarið 2020.

Garðurinn er um 35 m á lengd og snýr nálega austur-vestur. Hann er torfhlaðinn, 0,5 m breiður og 0,2-0,4 m á hæð. Hann er hæstur til vesturs en er meira siginn eftir því sem austar dregur. Garðlagið sést vel á loftmynd af svæðinu frá 1975. Á henni má sjá að garðurinn hefur áður náð lengra bæði til vesturs og austurs og endað við árbakka Apavatns. Á myndinni er garðurinn um 50 m langur. Engin frekari ummerki sjást um áveitu á þessum slóðum.

Yfirlitsmynd af áveitu 044. ©Loftmyndir ehf.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: LMI-D21-D-6636

ÁR-414:045 tóft fjárhús A 416773 N 407120
Grjóthlaðin fjárhústóft er rétt sunnan við Aphól, um 850 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 40 m suðaustan við Apatóft 046. Tóftin virðist ungleg. Tóftin er innan bakgarðs sumarbústaðar (b. 1969). Stór og mikil tré eru umhverfis tóftina, einkum austan við hana.

Ungleg tóft 045, horft til austurs.

Tóftin er einföld og er 6,5 x 5 m að stærð. Hún snýr austur-vestur. Veggir eru grjóthlaðnir og sjá má 2-3 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru 0,6-0,9 m á hæð, hæstir til austurs. Gengið er inn í tóftina fyrir miðri vesturhlið hennar. Lítillega hefur hrunið úr vesturhlið tóftarinnar. Botn tóftarinnar er sléttur, og möl er nokkuð áberandi þar. Fyrir miðju tóftarinnar er búið að hlaða um 0,4 m háum rauðleitum múrsteinsferningi, líklega notaður sem einhvers konar ofn. Tóftin er líklega nýtt af sumarbústaðareigendum en ekki er útilokað að hún að hafi verið byggð í tengslum við sumarbústaðinn.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-414:046 *Apatóft* tóft óþekkt A 416741 N 407151
Örnefnið ‚Apatóft' er merkt inn á minjavefsjá Minjastofnunar Íslands. Örnefnið er ekki að finna í örnefnaskrá jarðarinnar og óvíst er hvaðan það kemur. Guðmundur Valsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið. Á svipuðum stað og örnefnið er merkt inn á vefsjánni sést torfhlaðin og einföld tóft, um 800 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 40 m norðvestan við tóft 047. Tóftin sést vel á loftmynd af svæðinu frá 1975. Tóftin í grasigróni brekku á vesturhluta Aphóls. Umhverfis tóftina eru barrtré og til vesturs er sumarhús (b. 1995).

Tóftin er einföld og torfhlaðin. Hún er 5,5 x 4 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Veggir eru signir, 0,3-0,5 m á hæð, stæðilegastir til austurs. Tóftin er opin til vesturs. Botn hennar er nálega slétttur en hallar lítillega til suðvesturs. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar en líklega var hún einhvers konar aðhald fyrir skepnur.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: MI - Minjavefsjá; LMI-D21-D-6636

Yfirlitsmynd af Apatóft 046. ©Loftmyndir ehf.

ÁR-415 Neðra-Apavatn

1686 & **1695**: 40 hdr. Skálholtskirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 114.
1708: „Jarðardýrleiki er óviss [...]. Eigandinn biskupstóllinn Skálholt," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 325.
1847: 55 1/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 70.
1220: „Máldagi kirkjunnar að Apavatni í Grímsnesi,... Mariu kirkia at Apa vatni a x hvndrað j heima landi." DI I, 405; sjá einnig máldaga **1397**, DI IV, 91.
Frá því segir í Sturlungu að árið 1238 hittust tveir miklir höfðingjar á Neðra-Apavatni, Sturla Sighvatsson og Gissur Þorvaldsson. Sturla sveik þar Gissur og tók höndum. Hann lét hann sverja utanferð sína og að halda trúnað við sig því að hann kvaðst ætla sér meiri hlut en öðrum mönnum á Íslandi og engan óttast utan Gissur einan ef ekki færi vel á með þeim. Haustið eftir safnaði Gissur liði og drap Sturlu og föður hans á Örlygsstöðum í Skagafirði.
Kirkja var á jörðinni. Hennar er fyrst getið 1220 (sjá ofar), en hefur verið aflögð vel fyrir 1708, sbr. lýsingu úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: „Munnmæli eru hjar hafi til forna kirkja [verið]. Engin vita menn rök til þess og engins jást þess merki." JÁM II, 325.

Landkostir og tún
Túnakort **1920**: Tún 7,1 ha. Girt. Matjurtag.: 1226 m2.
„Torfrista og stúnga lök. Rifhrís af víðir til eldiviðar af skorti. Silúngsveiðivon hin besta, hefur nokkur ár brugðist. Berjalestur líklegur til gagns, ef iðkaðist. Engið er mestan part eytt fyrir lækjum. Ekki er óhætt fyrir foröðum. Vatnsból sem híngað til hefur gott verið, og ekki brugðist, er horfið á næstumliðnum vetri, og er nú síðan lángt til að sækja," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 326.

ÁR-415:007 *Hólvað* heimild um vað A 416975 N 407166
„Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað [005]. Þar næst Hólmfríðarbrot [030], kennt við konu sem oft fór á milli Apavatnsbæja þar næst Hólvað [007] við Aphól, og neðst Lambhagavað [008],“ segir í örnefnaskrá. Hólvað liggur yfir Apá sem er á merkjum Neðra-Apavatns og Efra-Apavatns ÁR-414, Vaðið var um 1 km suðaustan við Efra-Apavatnsbæ 414:001 og rúmum 80 m SSA við garðlag 414:045. Vaðið gæti hafa verið notað þegar farið var milli Apavatnsbæjanna og/eða á þjóðleið um svæðið. Árbakkar beggja vegna Apár eru eru mjög grónir og kjarri vaxnir á þessum slóðum.

Hólvað 007, horft til VNV

Áin er frekar straumhörð á þessum stað og um 10 m breið. Hún er þó grunn og grýtt. Engin ummerki um leið að eða frá vaðinu, hvorki á vettvangi eða gömlum loftmyndum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn, 1

ÁR-415:008 *Lambhagavað* heimild um vað A 417180 N 406738
„Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað [005]. Þar næst Hólmfríðarbrot [030], kennt við konu sem oft fór á milli Apavatnsbæja þar næst Hólvað [007] við Aphól, og neðst Lambhagavað“, segir í örnefnaskrá. Lambhagavað er rétt vestan við Apáós og á merkjum Neðra-Apavatns og Efra-Apavatns ÁR-414, um 1,4 km suðaustan við Efra-Apavatnsbæ 414:001 og rúmum 210 m sunnan við Lambhagagarð ÁR-414:032.

Sléttir grastangar eru beggja vegna Apár á þessum slóðum.

Áin er grunn, lygn og nokkur grýtt á þessum stað. Milli árbakka eru um 14 m. Samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1910 lá þjóðeið ÁR-701:021 sem var að vaðinu en ummerki um leiðina hverfa rétt norðan við vaðið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn, 1; Hkort 47 Skálholt NV

ÁR-415:009 *Dalvað* heimild um vað A 416857 N 407043
„Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað [005]. Þar næst Hólmfríðarbrot [030], kennt við konu sem oft fór á milli Apavatnsbæja þar næst Hólvað [007] við Aphól, og neðst Lambhagavað [008]. En neðan undir Aphól er Dalvað, þar fóru Laugdælir," segir í örnefnaskrá. Vaðið er á merkjum Neðra-Apavatns og Efra-Apavatns ÁR-414, um 1 km suðaustan við Efra-Apavatnsbæ 414:001 og rúmum 150 m sunnan við Aphól 414:021. Sumarbústaðir eru beggja megin ár á þessum slóðum. Sléttur bakki með lágu kjarri að sunnan en smábrekka að norðan.

Dalvað 009, horft til SSV.

Á þessum slóðum eru um 13 m á milli bakka, og þarna breiðir áin úr sér. Hún er fremur grunn og grýtt, en nokkuð straumhörð. Engin ummerki um leið sjást við vaðið, hvorki á vettvangi eða gömlum loftmyndum. Vaðið gæti hafa verið notað þegar farið var milli Apavatnsbæjanna og/eða á

þjóðleið um svæðið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn, 1

ÁR-701 Fornleifar á fleiri en einni jörð

ÁR-701:021 gata leið A 417090 N 406862
Á herforingjaráðskorti frá 1910 er merkt leið frá Neðra-Apavatni ÁR-415, nærri bökkum Apavatns og þaðan norður að leið [ÁR-701:020] nærri útihúsi [ÁR-414:043], í landi Efra-Apavatns ÁR-414. Sumarið 2020 var hlut leiðarinnar skráður vegna deiliskipulagsgerðar við Aphól í Efra-Apavatnslandi. Leiðin var fylgt VNV við Apáós og til norðurs, að sumarbústaði (b.1968). Suðurhluti leiðarinnar í landi Efra-Apavatns liggur í yfir deiglend nes og síðan til norðurs, í gegnum mjög gróið svæði sem er talsvert raskað vegna sumarhúsbyggðar og trjáræktar.

Yfirlitsmynd af leið 021. ©Loftmyndir ehf.

Leiðin er greinileg rétt norðan við Apá í landi Efra-Apavatns þar sem henni var fylgt á um 350 m löngum kafla. Á syðri hluti leiðarinnar virðist er hún niðurgrafin gata á um 110 m löngum kafla. Þessi hluti liggur nálega norðvestur-suðaustur yfir deiglend nes. Á þessum slóðum er leiðin um 0.7 m breið gata sem er gróin og mest 0.6 m á dýpt. Þegar gatan liggur upp gróna brekku, sveigir hún til norðustur og liggur síðan milli bakgarðs sumarbústaðar (b. 1965) og Apár. Á þeim slóðum liggur hún í um 240 m kafla og er að hluta til mjög óljós og víða 0,1-0,3 m djúp og 0,4 m breið. Leiðin sést einnig á loftmynd af svæðinu frá 1975 og af henni að dæma hefur gatan þá náð aðeins lengra

til norðurs (120 m til viðbótar).

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Hkort 47 Skálholt NV; LMI-D21-D-6636

5. Saga svæðis og landshættir

Svæðið sem kannað var með tilliti til fornminja sumarið 2020 er allt innan marka gamla lögbýlisins Efra-Apavatns en það er hins vegar um 800 suðaustan við heimatún þess og við landamerki Efra- og Neðra-Apavatns. Gera má ráð fyrir að svæðið hafi verið notað fyrir útbeit fyrr á tíð en þó er ekki loku fyrir það skotið að það hafi verið nýtt á annan hátt. Hér neðar verður stiklað á stóru í sögu jarðarinnar út frá fyrirliggjandi heimildum.

Bæjarheitið (Efra-)Apavatn er áhugavert. Finnur Jónsson hélt þeirri hugmynd á lofti að heiti vatnsins vísaði á mann.[2] Í þjóðsögum sem Árni Jónsson safnaði er einnig talið að Api sé mannsnafn og hann sé heygður í Aphóli og kona hans, Gylta, sé heygð á Gyltuholti á Neðra-Apavatni.[3] Svavar Sigmundsson telur þó líklegast að nafnliðurinn *ap-* vísi til leðju eða leirs en slíkir nafnaliðir eru þekktir víðs vegar á Norður-Atlantshafssvæðinu og verður það að teljast sennilegasta skýringin.[4]

Jörðin Efra-Apavatn kemur fyrir í Sturlungu,[5] en gegnir þar litlu hlutverki og eru fornar heimildar fáorðar um jörðina. Jarðnæði Efra-Apavatns var líklega yfir meðallagi fyrr á tíð. Lengi vel var hún metin á 35 hdr. (jarðamat 1686 og 1695).[6] Hæst fer jarðamatið þó í 48 2/3 hdr. (Jarðatal Johnsen 1847).[7] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 er jarðardýrleiki óviss. Í Jarðabókinni eru einnig upplýsingar um landgæði jarðarinnar. Þar kemur fram að torfrista og stúnga sé ‚nýtandi' og móskurður til eldiviðar sé nokkur en ‚brúkast ekki'. Kostir jarðarinnar eru hins vegar að þar var góð silingsveiðivon, líklega í Apavatni.[8] Jörðin var lengst af eign Skálholtsstóls en í Jarðatali Johnsen frá 1847 er hún komin í bændaeign.

Tvíbýli var á jörðinni og er þess m.a. getið í riti Þorvalds Thoroddsen um jarðaskjálfta á Íslandi. Þar er fjölda bæjarhúsa lýst: „Árið 1896 var tvíbýli á Efra-Apavatni. Öðru býlinu tilheyrðu 7 bæjarhús og 8 peningshús. Eftir jarðskjáltana sama ár var 1 bæjarhús mjög skemmt og 3 bæjarhús lítið skemmd. Hinu býlinu tilheyrðu 6 bæjarhús og 8 peningshús. Eftir jarðskjáltana voru 3 bæjarhús og 1 peningshús mjög skemmd. 3 bæjarhús og 4 peningshús voru lítið skemmd."[9]

---

[2] **StSÍ** IV, bls. 507.
[3] **ÞJÁ**, bls 79; sams konar lýsingu má lesa í Frásögum um fornaldaleifar, sjá **FF** I, bls. 224.
[4] Svavar Sigmundsson 2000.
[5] Sturlunga I, bls. 412.
[6] **BL**, bls. 113.
[7] **JJ**, bls. 70.
[8] **JÁM** II, bls. 325.
[9] Þorvaldur Thoroddsen 1905, bls. 180.

Jörðin er enn í byggð. Um miðbik 20. aldar voru tveir sumarbústaðir byggðir rétt við Aphól. Áform eru um frekari frístundauppbyggingu við hólinn og var það tilefni fornleifaúttektar á svæðinu sumarið 2020.

Landshættir

Svæðið sem tekið var út sumarið 2020 er deiglent og vex mikill gróður innan þess en svæðið er langt utan heimatúns Efra-Apavatns. Norðurhluti svæðisins er þakinn kjarrgróðri. Innan hans liggur einnig malarvegur frá Laugarvatnsvegi 37 til vesturs, gegnum Hólmýri, og endar rétt austan við Apavatn. Búið er að ræsa mýrina fram og eru áveituskurðir fast sunnan og norðan við veginn Á miðju svæðinu er Aphóll. Hann er mjög stór og grösugur en austurhluti hans hefur sigið niður í Apá. Til suðurs og vesturs frá hólnum voru sumarhús reist um miðbik 20 aldar. Við húsin er nokkur trjárækt. Suðurhluti svæðisins er slétt deiglendi þakið lyngi og trjágróðri. Lambhagafit er suðaustast á svæðinu. Það er nálega slétt og deigt mýrlendi sem er þakið grasi og votlendisgróðri.

Litið yfir Hólmýri, horft til NNV

6. Niðurstöður og samantekt

Samtals voru skráðar 12 minjaeiningar innan úttektarsvæðisins. Þær eru allar skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda ef frá eru taldar þær fornleifar sem fundust innan 50 m frá strandlínu. Þær minjar voru aðeins metnar í hættu því ekki er ráðgert að byggja á því svæði í samræmi við byggingareglugerð. Samtals voru níu minjar metnar í stórhættu og þrjár í hættu (tafla 1). Rétt er að geta þess að í hættumatinu er ekki fólgið mat á gildi fornleifanna. Hér fyrir neðan verður fjallað stuttlega um minjarnar innan svæðisins en í viðauka II eru minjakort af svæðinu.

Tafla 1. Minjar innan úttektarsvæðis

Samtala	Minjaeiningar	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hætta
ÁR-414:021	1	Aphóll	Þjóðsaga	Legstaður	Stórhætta
ÁR-414:032	1	Lambagarður	Garðlag	Vörslugarður	Hætta
ÁR-414:033	1		Hleðsla	Óþekkt	Stórhætta
ÁR-414:041	2		Vegur	Leið	Stórhætta
ÁR-414:044	1		Garðlag	Áveita	Hætta
ÁR-414:045	1		Tóft	Fjárhús	Stórhætta
ÁR-414:046	1	Apatóft	Tóft	Óþekkt	Stórhætta
ÁR-415:007	1	Hólvað	Heimild	Vað	Stórhætta
ÁR-415:008	1	Lambhagavað	Heimild	Vað	Stórhætta
ÁR-415:009	1	Dalvað	Heimild	Vað	Stórhætta
ÁR-701:021	1		Gata	Leið	Stórhætta
12					

Stór hluti fornleifa innan svæðisins tengjast samgöngum á einn eða annan hátt og voru tvær leiðir skráðar. Ummerki um þær eru greinileg sunnarlega á svæðinu og eru þær báðar merktar inn á herforingjaráðskort frá 1910.[10] Leið (ÁR-414:041 1) lá yfir Apá og var farin á milli bæjanna á Efra- og Neðra-Apavatns. Ummerki um leiðina sáust rétt norðan við Apá. Henni var fylgt á um 65 m löngum kafla og sást hún sem upphlaðinn vegur sem er við það hverfa undir gróður. Sömuleiðis fundust ummerki um brú (ÁR-414:041 2) sem er tengd leiðinni. Ummerki um brúna eru afar óljós

[10] **Hkort** 47 Skálholt NV

og var hún hrunin þegar loftmynd af svæðinu frá 1975 var tekin.[11] Leið (ÁR-701:021) var skráð suðaustarlega á svæðinu, rétt VNV við Apaós. Hún lá frá árbökkum Neðra-Apavatns og til norðurs og endaði þar við mannvirki í Efra-Apavatnslandi. Mannvirkið er utan þess úttektarsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Hluti leiðarinnar var þó skráður innan svæðis og var leiðinni fylgt á um 350 m löngum kafla. Hún sést sem niðurgrafin gata á syðri hluta leiðarinnar, en þegar gatan liggur upp gróna brekku verður hún mjög óljós. Enn fremur voru þrjú vöð skráð (ÁR-415:007–009). Þau voru öll farin yfir Apá áður en hún var brúuð um aldamótin 1900.[12] Vöðin voru líklega notuð á bæjarleiðinni milli Efra- og Neðra-Apavatns og/eða hluti af þjóðleið um svæðið.

Tvær tóftir og ein hleðsla voru skráðar innan úttektarsvæðis. Hleðslan er nyrst á úttektarsvæðinu á Gilstaðaholti, rétt sunnan við Markagil. Samkvæmt örnefnaskrá áttu að vera þar gamlar rústir.[13] Við vettvangsskráningu fannst mjög gróin og sigin torfhleðsla (ÁR-414:033) sem virkar forn á að líta en frekari rannsóknir þarf til þess að segja til um aldur hennar. Sömuleiðis er óvíst með hlutverk hennar en staðsetningin bendir til þess hún gæti verið hluti af aðhaldi fyrir skepnur eða stekkur. Að auki sáust tvær óljósar þúfnamyndanir við hleðsluna. Þær eru skráðar undir sama númer og hleðslan vegna þess hve óljós ummerki þeirra eru. Vegna þess hve ógreinileg þústirnar eru verður ekki hægt að segja af eða á um hvort þar leynist mannvist undir sverði nema að undangenginni frekari fornleifarannsókn. Tóftirnar tvær sem fundust eru báðar rétt VSV við Aphól. Annars vegar er það Apatóft (ÁR-414:046) en það örnefni er aðeins að finna í vefsjá Minjastofnunar Íslands.[14] Á sömu slóðum og örnefnið er merkt í vefsjánni fannst einföld og torfhlaðin tóft sem líklega var einhvers konar aðhald fyrir skepnur. Einnig var ung og einföld tóft (ÁR-414:045) skráð. Hún er grjóthlaðin og var líklega fjárhús sem síðar hefur verið endurnýtt af sumarbústaðaeigendum þar skammt hjá (Aphóll 13, b. 1969). Ekki er þó hægt að útiloka að hún hafi verið hlaðin upp í tengslum við sumarbústaðinn.

Á miðju svæðinu er Aphóll (ÁR-414:021). Hann er gríðarstór og sést víða að. Ofan frá séð lítur hóllinn út eins og skip. Í Frásögum um fornaldaleifar eru tilgreind munnmæli um að þar sé hundur, skip og maðurinn Api grafinn.[15] Kona hans er síðan sögð grafin á Gyltuholti í landi Neðra-

[11] LMI-D21-D-6636.
[12] **Ö-Neðra Apavatn**, bls. 1
[13] **Ö-Efra-Apavatn**, bls. 2
[14] **MI** – Minjavefsjá.
[15] **FF** I, bls. 217

Apavatns.[16] Engin mannaverk er að sjá á eða við hólana og ekki sjást þar mannaverk eða haugmyndun af nokkurri gerð. Sennilegast eru hólarnir því náttúrusmíð.

Mitt á milli Hornsins og Lambhagafita er pasturslítið áveitugarðlag (ÁR-414:044). Það er torfhlaðið og nokkuð sigið, um 0,4 m á hæð. Engin frekari ummerki um áveitu sáust á þessum slóðum, hvorki á vettvangi né á loftmynd.

Að lokum var Lambagarður (ÁR-414:032) skráður suðaustarlega á úttektarsvæðinu, rétt NNA við Apárós. Garðurinn er um 170 m á lengd og torfhlaðinn. Hann er siginn, um 0,6 m á hæð og um 2 m breiður. Í örnefnaskrá segir að garðurinn sé ‚forn'[17] en ummerki hans bera ekki þess merki að hann sé mjög gamall þótt garðurinn sé ljóslega eldri en 100 ára. Ekki er þó hægt að segja til um nákvæman aldur garðsins án frekari rannsókna.

Í þeim tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að taka endanlega afstöðu til þeirra minjastaða sem teljast innan áhrifasvæðis, hvort einhverra mótvægisaðgerða sé þörf og ef svo er, þá hverra. Að lokum má minna á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en þar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands." Þar segir enn fremur: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn."

[16] Neðra-Apavatn tilheyrði Grímsneshreppi hinum forna og var Gyltuholt skráð í tengslum við aðalskráningu fornminja í Grímsnesi 2002, sjá Birna Lárusdóttir 2020, bls. 19.
[17] **Ö-Efra-Apavatn**, bls. 2

Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Grímsnesi III: Fornleifar á jörðum í austurhluta Grímsness auk afréttar*. FS164-99063. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

BL: Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund, Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. 1857–1972. I–XV. bindi. Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenzka bókmenntafélag.

FF I: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. 1983 I. bindi. Reykjavík, Örn og Örlygur.

Hkort 47: Herforingjaráðskort 47 NV: Biskupstungur – Skálholt. 1:50 000. Útgáfuár 1910.

JÁM II: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín II: Árnessýsla. 1943 II. bindi. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

SB III: *Sunnlenskar byggðir. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur*. 1983 III bindi. Búnaðarsamband Suðurlands, [án útgáfust.].

StSÍ IV: *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennt*. 1907–1915 IV. bindi. Kaupmannahöfn, Hið íslenzka bókmenntafélag.

Sturl: *Sturlunga saga*. 1946 I.–II. bindi. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík, Sturlungaútgáfan.

Svavar Sigmundsson. 2000. „Hvers vegna heitir Apavatn í Árnessýslu þessu nafni?“ *Vísindavefurinn*. Heimsótt í júlí 2020.

ÞJÁ: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. 1961 I.-VI. bindi, ný útg. Jón Árnason safnaði. Reykjavík, Þjóðsaga.

Þorvaldur Thoroddsen. 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannnahöfn, Hið íslenzka bókmenntafélag.

Óútgefið efni

LMI-D21-D-6636. Loftmynd frá Landmælinum Íslands yfir Apavatni frá 1975.

MI-Minjavefsjá. Aðgengileg á map.is/minjastofnun. Skoðað júlí 2020.

Ö-Efra-Apavatn: Örnefnaskrá Efra-Apavatns.1952. Örnefni skráð eftir Helga Guðmundssyni. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Neðra-Apavatn: Örnefnaskrá Neðra-Apavatns.1952. Örnefni skráð eftir Helga Guðmundssyni. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki: Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
ÁR-414:021	416841	407208
ÁR-414:032	417130	406938
ÁR-414:033	416688	407424
ÁR-414:041 1	416691	407084
ÁR-414:041 2	416695	407068
ÁR-414:044	417004	407256
ÁR-414:045	416773	407120
ÁR-414:046	416741	407151
ÁR-415:007	416975	407166
ÁR-415:008	417180	406738
ÁR-415:009	416857	407043
ÁR-701:021	417090	406862

Viðauki: Minjakort